



FRÁ LUNDÚNUM

(1912)

I.

Tveir kaflar úr þessari ferðasögu minni hafa áður komið í Skírni, og held ég nú áfram og segi frá ýmsu, sem mér hugsaðist meðan ég var á Englandi, og raunar áður og síðan. Ferðasögur eru svo hentugar í höndum þeirra, sem á kunna að halda, til að fræða og ef til vill skemmta svolítið líka; en það þarf helst að fara saman, einkum þar sem um eitthvað sögukyns er að ræða. Og ferðasögur eru að ekki litlu leyti Íslendingasögur, sem oss ætti að þykja enn þá miklu vænna um en oss þykir. Ekki sízt er mikið af Egils sögu ferðasaga, og oft hlýtur Íslendingi að koma Egill í hug á Englandi, og skemmtilegra var að vera Íslendingur þá, ólamaður, og oft höfði hærri en allur lýðurinn. Egill hefði átt kost á að verða jarl á Englandi, og auka þar kyn sitt, svo að hann ætti nú, guð veit hvað mörg hundruð þúsund Englendinga að afkomendum, og allan aðalinn. En svo fór, eins og kunnugt er, að það eru Íslendingar, sem hann á að afkomendum, og er það vel; því að margt gott mátti af honum erfa, og einhvers staðar er það í rótinni, þó að lítið beri á því sem bezt var, enn þá. En það má óefað græða það upp.

Ég hefi það af Agli og öðrum, að það er talsverð ferðalöngun í mér, með köflum, og hefði ég sjálfsagt víða farið, hefði ég verið eins efnaður og hann. En það er nú ekki því að heilsa.

Carlsberg sjóðnum átti ég mest að þakka að ég gat farið ferð þá, sem sagt hefir af dálítið, mest í Skírni, en þó nokkuð í öðrum ritum líka. Og tek ég nú þar til, er ég fór frá Frakklandi yfir til Englands.

II.

París er nú eins og nokkurs konar skemmtiborg frá Lundúnum, fyrir þá, sem nóga hafa peningana. En þeir voru tímarnir, að erfitt var að komast þar á milli, því að oft hefir ófriður verið milli Frakklands og Englands, og einu sinni um 100 ár í senn, svo að hver kynslóðin eftir aðra leit á nábúana hinum megin sunds eins og réttdræpa óvini. Nú á dögum er fljótferið á milli höfuðborganna, og hefir mér ekki virzt eins mikill hraði á neinni járnbrautarlest eins og á leiðinni til Calais. Og það er auðséð, að nú fer að nálgast England, því á auglýsingaborðunum ber nú mest á „liver pills“; en lifrarmeðulin eru, eins og ég hefi drepið á, sérstaklega ensk, eins og fleira, sem á að bæta úr afleiðingum ofáts. Í Calais er stigið á skipsfjöl og maður fjarlægist kalkhamrana frönsku með ótrúlegum hraða, að því er þeim virðist, sem vanastur er ganginum á póstskipunum dönsku til Íslands, en hvítir hamrarnir við Dover nálægjast. Af þessum hvítu hömrum kvað vera dregið nafnið Albion á Englandi. Suður-England er vinalegt yfirferðar og sér höfuðstaðinn langar leiðir til, eða öllu heldur reykjarmökkinn yfir honum, og er Lundúnaborg illræmd fyrir reykin og þokuna, sem þar er stundum svo þykk, að ljós verður að loga allan daginn. En í engum bæ eru heldur eins stórir skemmtigarðar með snotrum göngum, lundum og grænum grundum eins og í London (Lundtúnnum?), og er Hyde Park þeirra nafnkunnastur. eru þar víðir vellir og fagrir, og stígir og lafskyggðir gangar; og breiðir vegir, þar sem fyrirfólkið sýnir sig á vissum tímum dags, riðandi eða í vögnum. En á sunnudögum er þar helzt almenningur, og á sunnudegi var það, sem ég kom þar fyrst. Á tveim stöðum hafði dregizt saman mannþyrping utan um ræðumann. Annar þeirra var að prédika, svolítið hásum rómi og ofreyndum; leizt mér heldur vel á manninn, enda var hann merkilega líkur íslenskum presti, sem er annálað góðmenni, og ekki þessi leikara-

svipur á honum, sem lýtir svo margan kirkjuprest á Englandi og annars staðar. Hann talaði um, að allir gætu fengið huggun og hvíld, ef þeir aðeins vildu, og óskaði ég, eins og oftast, með sjálfum mér, að þetta væri satt. Það er engin furða, þó að margir vilji prédika guðs orð á Englandi, því að óvída, og hvergi í ókapólskum löndum, hafa prestar vald og virðingar eins og þar í landi; og dálítið af þessari dýrð skín á hvern flytjanda orðsins, jafnvel þótt hann sé ekki lærður til prests. Hinn ræðumaðurinn var að tala um kvenréttindi, og var því máli hlyntur, eins og sjálfsagt var, úr því að hann hafði ekki komið á þing. Ræðumaður var einn af þessum þreklegu, brjóstvíðu Englendingum, sem eru aldir upp við góðan mat og líkamsæfingar, og elli virðist ekki vinna neitt á að mun, þótt hvítir séu orðnir fyrir hær-um. Og hér mátti sannarlega heyra rödd hrópandans í kvenréttindamálinu, því að ræðumaður flutti mál sitt allt kalandi og var þó enga þreytu á honum að heyra.

Þessi ræðuhöld virtust mér þegar í stað einkennilega ensk, og eins og dýrð ensku kirkjunnar hefir vakið upp þessa mörgu „leikprédikara“, eins á sjálfsagt valdadýrð „parlamentsins“ drjúgan þátt í að koma á stað þessum utanþings-ræðumönnum; þegar þeir tala eins og þeir, sem völdin hafa, þá leggur yfir þá svolítið af þeim virðingarljóma, sem völdunum fylgir. —

Allmikið stöðuvatn (the serpentine) er þar í Hyde Park, og þó tilbúið að mannavöldum, og á kvöldin var jafnan krökkt af mönnum, sem þreyttu sund, eða stóðu berir á bakkanum. Mátti þar sjá marga knálega kroppa, en allt er það hinn fátækari lýður, því að efnaðra fólkið leitar til baðstaðanna. Þetta er á almannafæri, og mann furðar á að sjá slíkt frjálrsræði á Englandi, þar sem alls konar uppgerðar-siðsemi er svo furðulega mögnuð. En viljinn til vatnsins og sundsins hefir orðið of sterkur, og þess vegna minna bakkarnir þarna á suðrænni og sól-
auðgari lönd, þar sem hin heilsusamlega nekt er ekki eins ná-
tengd hugmyndinni um þá hluti, sem ekki vilja votta viðurvist. Líka minnir þetta á það, sem Tacitus (Þögðir) sagnaritari segir svo fróðlega um Geirmenn (Germani), að karlar og konur hafi þar leikið á sundi saman. En Hippolyte Taine, sem svo skemmtilega hefir ritað frá Englandi, tekur víða fram, hvað mikið hafi haldizt þar í landi forngermanskt. Forn-norrænt held ég hefði

verið réttara að segja, því að flest bezta fólkið á Bretlandi hinu mikla er af Norðmönnum og Dönum komið, og þar lifðu íþróttirnar norrænu helzt af miðaldirnar, sem nærri drápu þær annars staðar, eins og hjá oss.

III.

Við Hyde Park og í grenndinni eru bústaðir margs fyrirfólks, og eru þeir vanalegast líkir Álfhólunum í því, að þeir vekja meiri furðu að sjá þá innan en utan. Það er fyrirfólkið, aðallinn og auðmennirnir, sem í augum útlendinga er enska þjóðin. En enski aðallinn er í því ólíkur aðli annarra landa, að þar eru ekki til efnalitlir aðalsmenn, vegna þess að elzti sonur erfir jafnan aðalseignina, og enginn fær aðalstign nema stórauðugur sé; en það er líka nóg, og geta einkum þeir, sem leggja fyrir sig ölgjörð og slíkt, og svo auðvitað bankamenn, gjört sér vonir um aðalsupphæfð. Er því auðskilið, að enski aðallinn muni vera nokkuð blandaður Gyðingum. Fyrirfólkið, „efstu tíu þúsundirnar“, nefnast á ensku „the society“, mannfélagið; hitt, sem er ekki nema allur meginþorri þjóðarinnar, telst eiginlega ekki með mönnum. Hvergi, sem ég hefi komið, er fyrirfólksdýrkunin jafnmikil og skriðsamleg eins og í þessu lýðfrjálsa landi, sem margir hafa svo rangar hugmyndir um. Hér í Danmörku er t. a. m. haldið, að Englendingar séu Þjóðverjum fremri um flest, en það er öfugt, og væri munurinn þó meiri, ef ekki nyti við Norðmannablóðsins á Englandi. En hörmung var það, að Haraldur Sigurðarson skyldi ekki vinna sigur við Stafnfurðubryggju forðum; þá væri betra mál en nú er á Englandi, og gaman að vera Íslendingur. Að vísu voru það Norðmenn, sem mikið unnu af sigrinum fyrir Vilhjálmi af Normandi; það fór eins og svo oft í þessum rangskreiða heimi, sá vinnur sem verri er. Vilhjálmur var verri maður en Haraldur harðráði, og svo hafði hann og hans menn týnt og spillt norrænunni, og var það sjálfsagt mest kirkjunni að kenna. En það þykir enskum aðalsmönnum gaman, geti þeir rakið ætt sína til einhvers af þeim, sem með Vilhjálmi voru. Að þeir með tilstyrk Landnámu gætu rakið lengra, vita þeir fæstir, eða engir, því miður fyrir oss. Meiri hluta ársins er fyrirfólkið á búcörð-

um sínum eða á ferðalagi. En fegursta sumartímann er það í Lundúnum, þar sem það á hús sem standa auð nema þenna stutta tíma. Svo er t. a. m. um frú Disney Leith, sem góðkunn er orðin á Íslandi af margra ára komum. Var hún stödd í Lundúnahúsi sínu í Belgravía, þegar ég kom til bæjarins, en dvelur annars annaðhvort í hinni fögru höll sinni norður á Skotlandi eða á Wight-eyju. Frú Leith hefir ýmislegt ritað um Ísland, m. a. nokkurs konar Íslandslýsingu handa börnum, með fögrum litmyndum. Og vel má henni falla á Íslandi, að sumarlagi, að hún skuli leggja á stað norður, ár eftir ár, og vinna til að fara á mis við flest þau lífsþægindi, sem hún er vön heima fyrir. Fælir sjóferðin marga frá að koma til Íslands, þó að yngri séu, og ekki eigi heima í svo háum sölum, eða matist dag hvern svo, að oss hinum mundi virðast dýrlegur veizlufagnaður. Frú Leith er ekkja eftir herforingja af gömlum skoðkum hermannaættum, og sjálf er hún ættgöfug mjög; var afi hennar jarl af Ashburnham og minnir mig að hún segði, að það yrði rakið upp til Engilsaxa á Haraldar Guðnasonar tíð, en þori ekki að fullyrða það. Þangað á einnig að rekja skáldið Swinburne, og eru þau frú Leith systrabörn; var góð vinátta með frændsemi þeirra á milli, þó að ýmsar skoðanir væru býsna ólíkar, því að frú Leith er trúmaður mikill (og á Biblíuna held ég) eins og flest fyrirfólk enskt; en Swinburne var í óguðlegasta lagi, eftir því sem gjörist með Englendingum. Frægt er erindi eftir Swinburne, þar sem hann er að lofa goðin, ef nokkur séu til, fyrir það:

That no life lives for ever;
That dead men rise up never;
That even the weariest river
Winds somewhere safe to sea.

Ég þarf nú ekki meira en þetta erindi til að sjá að Swinburne getur ekki verið einn af mínum góðvinum, þó að ég raunar virði það hugrekki, sem hefur þurft til að segja slíkt á Englandi. En undarlegt er það að sjá nokkurn lofa goðin fyrir það, að þessi mikla tilraun, sem vér sjáum vottinn um í lífinu á jörðinni, og æðstan í mannlífinu, skuli hafa svo mistekizt, að dauðinn heggur þar alltaf skarð í. En vonin um sigur lífsins á dauðanum er það annars sem heitir ást, og er oft úr viti fram;

og þarna finnst mér væri betra kvæðisefni. Mörgum hefir þótt Swinburne bezt ljóðskáld enskt, þegar þá líður Byron og Shelley. Frú Leith er líka skáld gott og rímsnillingur mikill, og höfðu þau oft haft það að barnleikum, hún og Swinburne, að kveðast á og botna. Ég kom í hús Swinburnes að undirlagi frú Leith, en ekki sá ég þó frænda hennar; hafði honum förlazt mjög heyrn á efri árum, og var orðinn mjög ómannblendinn. Ég talaði við fóstbróður Swinburnes, Watts-Dunton, skáld og ritdómara og alkunnan mann, þó að ekki jafnaðist hann að frægð á við Swinburne. Hefir Watts-Dunton verið skáldlegur maður ásýndum á yngri árum, eins og sýndi mynd, sem hékk þar á vegg, eftir Burne-Jones, mjög frægan málara — mig minnir náfrænda Kiplings — og aldavin þeirra Swinburnes. Watts-Dunton var dálítið kunnugur Íslendingasögum, en þó allt of lítið, eins og allir fræðimenn útlendir, hvað þá aðrir. Augu manna eiga eftir að opnast í þeim efnum, og segi ég það enn, að Íslendingum ríður afarmikið á að láta ekki halda, að annað mál sé á fornsögunum en það, sem vér ritum nú, þó að af minni list sé og mætti.

Frú Leith fór með mér til systur Swineburnes, sem á mjög ríkmannlega heima á einum af þessum friðsælu stöðum, sem mann furðar á að finna í heimsborginni, sem sums staðar virðist duna eins og af óróa allra jarðarbyggja.

Systir Swinburnes er einhver elliprúðasta kona, sem ég hefi séð, og býsn mikil, að slíkur kvenmaður eins og hún virtist hafa verið, skuli vera barnlaus og mannlaus, en sjálfsagt einhver saga þar til, þó að ég þekki hana ekki. Mér kemur í hug, hve margur hraustur og fríður Englendingur hefir látið líf sitt á vígvöllum víðs vegar um álfur, á æskuárum hennar, eins og áður og síðan. Mér varð að gjöra samanburð á þessari konu og systur annars mikilmennis, sem ég hafði kynnt þá ekki alls fyrir löngu, frú Förster-Nietzsche, og datt mér í hug, þegar ég heyrði hvað systir Swinburnes var rétttrúað ensk og enskt rétttrúað, hvort ekki mundu hafa verið óprentuð ýms kvæði Swinburnes, ef til systurinnar kasta hefði komið og æði miklu frjálsari í anda og víðsýnni virtist mér hin þýzka merkiskona. Mér fannst helzt eins og þetta tigna frændfólk Swinburnes hefði komið það lengst, að fyrirgefa honum það, að hann skyldi vera þessi and-

ans snillingur; en um Nietzsche var öðru máli að gegna. Systirin var hans bezta stoð, og mun henni það lengi þakkað af öllum þeim, sem skilja hvers konar maður Nietzsche var. Kemur þar dálítið fram munurinn á þýzkri og enskri menningu. Systir Swinburnes á mörg mikilsverð listaverk, þar á meðal ýmsar myndir af Swinburne á barnsaldri. En ekkert jafnaðist þó á við safn af myndum eftir Turner, einn af frægustu málurum enskum, og er það auður að eiga slíkt.

IV.

Einn sunnudag fór ég í Pálskirkju, sem er eitt af mestu og frægustu húsum í Lundúnum. Er krossinn efst á kirkjunni 365 fet yfir jörð. Er þar geimur mikill um að litast, þegar inn er komið, en æði mikið skartsminna en í kaþólskum kirkjum. Líkneski eru þar af ýmsum frægustu stríðshetjum Englendinga, eins og Nelson og Wellington, og var einkennilegt að sjá í þessu musteri öll þessi vígalegu og mjög svo ókristilegu minningarmerki, illúðleg ljón og kanónur, og stingur þetta mjög í stúf við helgra manna myndirnar í kaþólskum kirkjum. Mér fannst andinn þarna inni vera að sumu leyti svo líkur því sem hefði getað verið í Júpítershofi hjá Rómverjum, eða ef til vill öllu heldur í musteri herguðsins, og það virtist alveg greinilegt, að sá guð, sem þarna var verið að lofa, væri enginn allsherjarguð, heldur guð Englendinga, og sérstaklega guð fyrirfólksins enska. Áreiðanlega ekki sami guðinn sem Hohenzollarafáninn yfir keisarahöllinni í Berlín heimtar til fylgis við þýzka keisarann, ætt hans og fólk. Engum virtist neitt undarlegt að hafa þessar vígamingningar og eftirmyndir af morðtólum í guðs húsi; en það væri fróðlegt að heyra þau hneykslunaróp, sem mundu kveða við, ef stungið væri upp á að reisa t. a. m. Byron líkneski í Pálskirkju, Byron, sem hefir þó sjálfsagt verið talsvert líkari Kristi heldur en járnhertoginn sanntrúaði. En þó verður að segja það Wellington til hróss, að hann grét við Waterloo, þegar hann sá rauðfrakkana liggja í blóði sínu. En svo kvað Byron:

The drying of a single tear has more
Of honest fame than shedding seas of gore.

Að þurrka tár, þótt ei sé nema eitt,
fær æðri frægð en manndráp geta veitt.

Aldrei hefi ég heyrt sálma jafn gersneydda allri andagift eins og þá, sem þarna voru sungnir; en söngurinn meir en bætti það upp. Það var eins og það væri engilsródd, sem söng orðin: O trinity, o unity o. s. frv. Og hvílíkt organ; hvílík unun að heyra leikið af list á slíkt hljóðfæri; það er eins og dunandi foss færi allt í einu að syngja eftir því sem tónameistarinn legði fyrir hann. Ekkert huggar eins vel, ef illa liggur á manni, eins og að heyra slíkan organsöng; aldrei verður maður eins vongóður um, að allt muni fara vel á endanum, þótt erfiðlega áhorfist. Oft hefi ég furðað mig á því, að þetta sannkallaða náðar-meðal, organsöngurinn, skuli ekki vera betur notað í lútersku kirkjunni en gjört er, og þar er ensku kirkjunni betur komið.

Þegar stigið var í stólinn, þá var nú guðrækninni lokið hjá mér, því að ég þóttist vita, að ég mundi ekki heyra eitt einasta orð, sem mundi hugga mig, gleðja eða fræða. Og fór þar ekki á annan veg en ég hafði búizt við. Það var einhver biskup, sem í stólinn steig. Þar var mörgum á að skipa þá dagana, því að það var einhver biskupafundur í borginni. Biskup þessi var knálegur maður og hermannlegur, með harðan enskan fyrir-mannsróm og að öllu hinn ókristilegasti að sjá. Að vera biskup er á Englandi meiri virðingarstaða en í öðrum mótmælendalöndum, og þeim er skipað á bekk með aðalsmönnum, enda eru flestir þeirra af aðalsættum. Yfirleitt má segja, að enska kirkjan sé aðal-framfærslustofnun „yngri sona“, það er að segja manna af aðalsættum, sem erfa ekki aðalseign, því að slíkt lendir hjá elzta syni. Hin nafnfræga trúrækni og kirkjurækni Englendinga á mikið rót sína að rekja til þessa fyrirkomulags, að einungis elzti sonur erfir föður sinn; kirkjan varð svona þjóðleg og öflug af því að hún lenti í höndum aðalsins, þar sem viljinn til valdsins er mestur, og valdfimin. Englendingum hefir tekizt betur til langframa en Íslendingum, sem ætluðu að hafa sömu tökin, og lánaðist að miklu leyti framan af, að íslenzku höfðingjarnir höfðu kirkjuna talsvert á sínu valdi; annars hefðu hinir hágöfgu aðalsmenn, Ari „prestur“ og Sæmundur „prestur“ enga sögu ritad; en svo urðu á þrettánda öld einhver verstu og merki-

legustu umskipti í sögu Íslands, og er það mesta furða, hvað litla eftirtekt menn hafa veitt þessu aðalatriði; en það kemur nokkuð af því, að menn hafa verið svo þröngsýnir, að halda það guðleysi að reyna í þessum efnum að sjá sannleikann.¹⁾

Aðrar framfærslustofnanir yngri aðalssona enskra eru herinn og flotinn, og er því iðulega sama ættin hermannætt og klerkaætt, og ekki furða, þó að klerkar séu oft miklir íþróttamenn, eins og orðið „muscular christianity“, vöðvakristni, bendir til. Óheillastefnan, sem hinn helgi biskup Jón Ögmundsson hóf öðrum fremur á Íslandi, fékk miklu minni byr á Englandi, líka af því að þar bættist ekki útlend sultarkúgun ofan á svarta kirkjukúgunina, eins og á Íslandi; og ekki mun það íþróttaleysi og líkamshatur, sem svo margir af oss súpa seyðið af, til fulls hafa náð sér niðri á Íslandi fyrr en á 17. öld, eftir daga þeirra Odds sterka og Hrólfs sterka, sem báðir dóu skömmu eftir 1600. Sextánda aldar Íslendingasögurnar eru víst nokkuð í „þjóðsögum“, en þar þyrfti að gera betri skil. Líkamshatrið, sem er einhver versti gallinn á því, sem menn kalla kristindóm, er annars ókristilegt, eins og má sjá af guðspjöllunum, þó að þau séu léleg sögurit og mikið virðist hafa verið úr þeim fellt. En af þeim virðist þó mega ráða, að Kristur hafi verið afburðamaður að afli og afbragðs sundmaður. Og ekki þykir mér ótrúlegt, að hin dýrlega Kristsmýnd Thorvaldsens í Frúarkirkju, sem góð eftirmynd ætti að vera af í hverri kirkju á Íslandi, í staðinn fyrir þessar misjafnlega vel máluðu altaristöflur, hafi rétt fyrir sér um útlit hans. Það er einmitt einkenni hinnar æðstu listar, að ná í sannleikann, eða talsvert af honum, jafnvel þar sem það virðist dauðlegum mönnum um megn.

V.

Það á ekki illa við, að snúa sér frá Pálskirkju og að Parla-mentshöllinni, sem er hið veglegasta hús og ekki ósamboðið öðrum meginþættinum í hinum enska vilja til valdsins. Þinghöllin stendur við Thames-á, og er sú hlið hennar, sem að ánni

1) Sbr. ritgjörð mína: Úr trúarsögu Forn-Íslendinga. Skírnir 1906.

snýr, 940 fet á lengd, en turnar rísa yfir höllinni svo háir, að menn verða að setja hnakkann á bak aftur áður þeir fái séð yfir upp, eins og Snorri Sturluson segir svo skemmtilega í hinni óviðjafnanlegu ferðasögu Þórs til Útgarða-Loka. En það var ekki laust við, að mér fyndist ég þarna líkt á vegi staddur eins og Þór í Útgörðum, og vantaði þó bæði hamarinn og fleira; en ef til vill missýndist mér ekki eins. Hefir hver til síns ágætis nokkuð. Margir lögregluþjónar verða á vegi manns inn í þinghúsið, og sumir líkari tröllum en mönnum, og vildu vita erindið. En allir blíðkuðust, þegar ég sagði, að einn af lávörðunum (Avebury lávarður, sem áður hét Sir John Lubbock, og ég hefi sagt nokkuð frá í „Lögréttu“ einhvern tíma) hefði stefnt mér til fundar við sig. Í bréfi því, sem ég skrifaði „Lögréttu“ frá Lundúnum, lá mér víst við að taka Avebury lávarð til jafns við Snorra Sturluson, en ég hefi áttað mig betur á Englendingum og Íslendingum síðan, og sé að slíkt nær engri átt, svo mikill maður sem Avebury er; mun hann vera lærðastur allra lávarðanna, en 550 eru það, sem eiga sæti í efri málstofunni, og eitt-hvað af því biskupar. Hefir forseti deildarinnar 180,000 kr. í árslaun. Mikill meiri hluti hinna göfugu lávarða var fjarverandi, og það því miður ýmsir hinir frægustu, eins Rosebery jarl, sem minnir mig ofurlítið á Mörð Valgarðsson eða frænda hans, Gizur jarl, þó að hann kvæntist gyðingastúlku, og það sé fjarri mér að vilja kenna hann við nokkurn níðingsskap svipaðan þeim, sem Íslendingunum varð á. Lávarðarnir voru annars að tala um hesta, af þó nokkru kappi, og enginn fremur en Landsdowne lávarður, sem hermálaráðherra var í Búastríðinu og einna auðugastur er í lávarðasveitinni. Margir lávarðarnir eru, eins og við er að búast, höfðinglegir menn, fríðir sýnum og heilsugóðir að sjá, eins og þeim er sízt þakkandi flestra manna, þar sem þeir eru aldir upp í einhverjum beztu húsa-kynnum, sem til eru á Englandi, við bezta fæði, sem þar er kostur á, beztu líkamsæfingarnar og sjálfsgagt bezta kvenfólkið. Ekki má ég gleyma að geta þess. Byron, sem var undarlegur svanur í þeirri sveit, hefir lýst sumu því kvenfólki, sem lávörðum er til yndis og ama í „Don Juan“. Af ódauðlegri snilld auðvitað. Það er eitt af því sem mér hefir þótt leiðinlegast um bókmenntir, hvað Don Juan er endasleppur líkt og Satyricon hans

Petroníuss, sem dálítið, eða réttara sagt, meir en lítið svipar til Byrons. En þó var það enn þá miklu meiri skaði, að ættingjar Byrons skyldu brenna það rit hans, sem bezt var og mest vert um, ævisögu sjálfs hans í óbundnu máli. Þeim þótti hún ekki nógu siðsamleg. Hversu viðbjóðsleg hræsni. Eins og Byron, þessi þýði og viðkvæmi kvennavinur, væri ekki einna siðlegastur, og þegar hann var orðinn nógu þroskaður og harðnaður til að vera nógu fylginn sjálfs síns eðli, langsiðlegastur af lávörðunum. Það er hálfgerð vandræðaorð þetta. Ég segi af ásettu ráði ekki siðsamastur, því að Byron var nokkuð sér um sið. En dálitla bending um það, hvernig Englendingar voru í svonefndum siðsemisefnum nokkru fyrir daga Byrons má sjá af því, að jarlinn af Pembroke (ef hann hét þá ekki eitthvað annað) þurfti um 360 stúlkur á ári; hann vildi enga lengur en eina nótt. Og ekki var líf hans eittrað af illvilja samlanda hans, eins og ævi Byrons; en þess er heldur ekki getið, að hann hafi verið afburða gáfumaður. Þessi Hróttur jarl mun hafa verið niðji þess Pembroke, sem náði unnustu Shakespeares frá honum, og fékk það skáldjöfrinum svo mikils harms, að honum lá við að bugast. Mann furðar á öðru eins, því að skemmtilegur viðtals mun skáldsnillingurinn verið hafa, og fríður sýnum og öflugur. En kvenfólkið er svo undarlegt. Það var einu sinni stúlka, sem vildi ekki Erling af Sóla, fyrr en hún var að heita mátti neydd til að eiga hann; og svo að ég fari ekki svona langt aftur í sögur: um daginn sá ég þokkalega unglingsstúlku vera að kyssa hund, ferfættan hund. Mér fannst ég eins og skilja betur en áður, hvers vegna sumum mannhundum getur orðið betra til kvenna en vera ætti.

VI.

Afar eftirtektarvert þótti mér, hvað margir af lávörðunum voru Íslendings- eða Norðmannalegir, en þó enginn eins og sá, sem einna fríðastur hefir verið í þeirri sveit og bláeygðastur, Byron skáld. Langbezt sýnir þetta mynd Thorvaldsens af Byron, sem er gerð af svo mikilli list, að sá undrast, er á hana lítur af nokkrum verulegum skilningi, jafnvel þótt við miklu sé búizt af þessum „ódanskasta“ allra Dana, sem kominn var af Sturl-

ungum, er manna hagastir hafa verið á orð og annað, eins og kunnugt er. Ég gæti nefnt þann Íslending, sem Byron er líkastur ásýndum af núlifandi mönnum, og geri það ef til vill einhvern tíma, þegar hann hefir unnið til þess, að ég gleðji hann. En fríðleiksmunur er þó raunar talsverður. Mann furðar á að sjá, hvað Byron hefir verið höfuðsmár, því að heilinn í honum var einn af þeim þyngstu, sem sögur fara af. Og yfirleitt virtist mér höfuðin á lávörðunum merkilega lítil að tiltölu við líkamsstærð, og er það líka norrænt, eins og bendir til orðtækið: heimskur er jafnan höfuðstór; er orðtækið því merkilegra í þessu sambandi, sem það hefir óefað rangt fyrir sér; mörg góð höfuð eru stór, eins og kunnugt er. Mér verður hér að minnast Hallgríms heitins Melsteðs, því að ég hefi ekki séð jafnlítið höfuð á svo stórum manni: Hallgrímur var 3 álnir á hæð, og þó hærri á öxl en nokkur þriggja álna maður, sem ég hefi séð. Hallgrímur var sjötti maður frá Hrólfi sterka, og í beinan karlegg kominn af Þorkeli Eyjólfssyni, og mátti á ýmsu sjá, að ættin var góð, þó að svo miklu minna yrði úr en efni var til, eins og hefir orðið um svo margan Íslending, og ekki sízt þá, sem misst hafa föður sinn börn að aldri.

Í Lundúnum einkum, og hvergi betur en í efri málstofunni, lærði ég að verða ósamþykkur dr. Andreas Hansen í því, að bezta kynið á Norðurlöndum sé tiltakanlega langhöfðað og mjóhöfðað. Hins vegar kemur mér ekki í hug að halda því fram, að breiðustu höfuðin séu bezt kynjuð. En ég sá það á Englandi og hefi sannfærzt um það æ betur og betur síðan, að dökk hár og augu fylgja oftast mjóu og löngu höfðunum, og oft hefi ég getað séð, að það eru Gyðingar, sem þau eiga eða Gyðingablendingar.

VII.

Í annað skipti kom ég í neðri málstofuna, og átti ég Avebury lávarði að þakka að ég komst þar fyrirhafnarlítið inn. Í neðri deild eiga sæti 670 þingmenn, en á þingbekkjunum rúmast nú raunar ekki full 500, og er slíkt furða mikil, en því er treyst, að eitthvað talsvert að þingmönnum muni vanalega láta sig vanta. En ekki mundi salur sá eiga skilið heitið Sessrúmnir;

en nokkurs konar Valhöll er hvert þinghús, og vantar ekki nema tvennt til þess að þau hús væru eins mikilsverð og þau þyrftu að vera: að nógu góðir menn væru til að velja, og svo valdir þeir, sem helzt skyldi.

Umraður í neðri deild voru skemmtilegri en í efri deildinni og töluðust þar á ræðumenn, sem auðfundið var að oft höfðu eldað saman grátt silfur; þar var víða heitt á milli, og kom ekki til af góðu. Þar sat á andstæðingabekk stjórnarinnar Arthur Balfour, fyrrum ráðuneytisforseti, hvíthærður orðinn, ennishár og aðalsmannslegur. Þar var sonur Chamberlains gamla, og hjá honum minnir mig Chaplin, ákafamaður mikill í þeim flokki, svipmikill karl að sjá. Þar var Wyndham, fyrrum Írlands ráðherra, orðlagður fríðleiksmáður og snyrtimenni, með gráar hærur við unglegt andlit og annars merkilega svipaður íslenzkum heimspeking og mælskumanni. Gerðarlegur hópur var þetta yfir að líta, ekki verður því neitað, og ýmsir engu ófyrir-mannlegri en lávarðarnir, enda af aðalsættum ekki fáir, og auðmenn held ég allir; alþýðleg er jafnvel heldur ekki neðri deild, þó að nú séu þar komnir inn fáeinir verkafólksþingmenn. Skaði mikill þótti mér að sjá ekki Winston Churchill ráðherra, af hinni frægu Marlborough ætt (eða hvað ég á að kalla hana); kom það nokkuð til af því, að mér var grunur á að aðalsstólku for-kunnur fríðri, sem ég hafði kynnt dálítið, hefði litizt meir en í meðallagi vel á Churchill, en hann ekki haft vit á að taka eftir því eða meta það. Winston Churchill er sagður manna fríðastur og giftusamlegastur, en mér eru dálítið tortryggilegir þeir, sem lánið leikur mjög dátt við í þessum undarlega heimi, sem er áreiðanlega talsvert verri en efni eru til. Væru þeir lánsamastir, sem mest eru verðir og mest gæti orðið úr, þá mundi lengra komið mannkyninu en nú er, þar sem allar horfur virðast á, að þetta mikla fyrirtæki, sem hefir kostað svo mikið af kvölum, blóði og tárur, ætli að misheppnast. Þeir, sem halda að þessi mikli heimur og þessi litla, en í okkar augum þó svo óendanlega stóra jörð, og allt sem á henni er og hrærist, sé svona rétt út í bláinn, og ekki búi þar neitt meira undir en í fljótu bragði virðist, þeir skilja auðvitað ekki hvað ég á við. En ég vona að geta útlistað það betur seinna, og held áfram að segja frá enska þinginu.

Frjálslyndi eða frjálslyndari flokkurinn var kominn að völdum, þegar hér segir frá, og vill sá flokkur m. a. losa skólana svolítið undan yfirráðum kirkju og klerklegs anda, og halda svolítið í hemilinn á herkostnaði, en verja aftur fénu til mannfélagsumbóta. Er hinn vitri og hugprúði Lloyd George þar fremstur í flokki. Nærri 700 milljónum er varið til enska flotans árlega, og er það býsna mikið fé. En íhaldsmenn halda því fram, að þetta sé of lítið, og ættjörðinni sé hættu búin, ef ekki sé betur að verið, og slá yfirleitt á strengi þessarar forntízku föðurlandsástar, sem er mest sambland af elsku fyrirfólksins á sínum eignum og yfirráðum og svo heimsku gagnvart útlendingum og hatri á þeim. Og svo eru auðvitað einhvers staðar þessir stórauðugu námu- og verksmiðjueigendur, sem mest græða á því, að skipin séu byggð. En mér virðist ættjarðarástin ekki stefna rétt, fyrr en hún miðar að því, að gera hverja þjóð eins og að einni ætt, þar sem hver styður annan til þess að verða það, sem hann getur bezt orðið. Og þar gætu Íslendingar verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar, og verða vonandi, þegar þeim vex vit, því að þeir mega þjóð heita fremur en nokkur önnur þjóð, eru náskyldari hverjir öðrum, og meðalgreindin meiri; eða að minnsta kosti leynist meiri greind með þeim. En leynist því miður oft svo, að það er varla eða ekki hægt að finna hana.

Penna dag, sem ég hlýddi þarna á umræður, leiddu einkum saman hesta sína Wyndham, sem ég nefndi áðan, og einhver úr flotamálastjórninni, mig minnir það væri Mc Kenna, og horfðust í augu af engum vinahug; báðir eru ræðusnillingar, og þó einkum Wyndham; það er að segja: snillingar í að flytja ræður sínar, voru rómsterkir og kunna vel áherzlu og alla ytri tilbúð. En efnið var í rauninni magurt. Það leyndi sér ekki, að það eru ekki þessir menn, sem hugsa fyrir þjóðinni, þó að þeir hafi orð fyrir henni. Ræða Mc Kenna var öllu fróðlegri en Wyndhams, og viðkvæðið þetta: Hvar á þetta að lenda? Hann sýndi fram á, hvernig herflotakostnaðurinn fer alltaf vaxandi, með vaxandi hraða. Skipin eru alltaf að verða dýrari; nú kostar fyrsta flokks brynskip um 40 milljónir króna (meir en þinghöllin, svo mikil sem hún er) og jafnframt verða skipin skammærri, skemmra þangað til þau eru orðin úrelt og eru seld fyrir lítið

verð, hjá því sem þau kostuðu upphaflega. Oft var Þýzkaland, „Djörmani“, eða hvernig í skrattanum þeim tekst að bera það fram, nefnt í þessum ræðum, og er Þýzkaland sú grýla, sem er höfð til að hleypa upp herkostnaðinum, og vilja Englendingar að flotinn enski standi á sporði flota tveggja þeirra þjóða, sem mestan herskipastól eiga. Héldu stjórnarandstæðingar því fram, að núverandi stjórn hugsaði ekki um að fullnægja þeim kröfum, og stofnaði landinu í voða. Íhaldsblöðin veittu stjórnarflokknum jafnvel þungar ávítur fyrir það, að hann væri að hugsa um mannfélagsumbætur í stað herbúnaðar, og er skrítið, en ekki skemmtilegt, að slíkt skuli verða gefið stjórn að sök á 20. öldinni. Ýmsir halda að vofi yfir stríð milli Þjóðverja og Englendinga, og er ekki gott að vita nema það logi upp úr. En þó mun ekki þurfa annað en aukna alþýðumenntun til þess að taka fyrir ófrið milli Evrópu-þjóða. Þegar opnuðust augu alþýðu í öllum löndum, svo að hún sæi að styrjaldirnar eru engum til gagns nema nokkrum auðmönnum, þá mundi hún alveg neita að gerast blótförn á altari Mammons. Munu þá verða stórar umbætur á högum manna, er allt það vit, allt það fé og allt það starf, sem nú fer til herbúnaðar, beinist að mannfélagsþörfum. Annars er ég sífurðandi mig á því, að sjá ekki ritað meira um samband milli allra hvítra þjóða en gert er; því að það liggur alveg í augum uppi, að eftir ekki mjög marga mannsaldra er bæði Evrópa og Ameríka undirlægjur gulra Asíuþjóða, ef ekki verður einhver mikil breyting á ýmsu frá því sem nú er. En ég hygg, að gulir menn geti ekki komizt eins langt eins og hvítir, þar sem bezt hefir orðið, eins og var á Grikklandi, í Rómaveldi, í Noregi fyrir harðstjórnardaga Haralds hárfagra, og síðan á Íslandi, enn þá betur, þó að þar yrði of skjótur endir á, eins og ég hefi lítillaga vikið að í ritgerð minni í Skírni 1906, sem minnt hefir verið á hér að framan.

Mjög miklu minna rúm er ætlað áheyrendum í brezka þinginu heldur en t. a. m. í ríkisdeginum þýzka, og kvenfólkið er látið vera sér og raunar í nokkurs konar búri, með rammlegum járnstöngum fyrir. Vantraustið á kvenfólki, þar sem til opinberra mála kemur, er, eins og af þessu má sjá, afar megent með Englendingum, enda ætlar kosningarétturinn að verða kvenþjóðinni mjög torsóttur í landi Stuarts Mills. Og að vísu er mér

að virðast erfiðara og erfiðara að sjá, hvað rétt muni í þessum efnum. Þar er margs að gæta. Það má sjá af sögum og eins oft af því, sem ekki hefir verið í sögur fært — og raunar bezt, ef menn skildu það — að Hrappur og þaðan af miklu verri menn geta fengið svo mikil yfirráð yfir ýmsu kvenfólki, að það mundi snúast á móti sínum eigin börnum, hvað þá heldur skynsamlegum ástæðum. Jafnvel hjá mestu menntaþjóðum er mikill meiri hluti kvenfólksins ófáanlegur til annars en bera á sig skraut og fatnað ýmis konar, sem er því til lýta og jafnvel heilsuspillis, og helzt kemur manni til að minnast ýmsra villimanna-siða, sem sumir virðast komnir alla leið aftan úr steinöldum. Ákaflega mikil og ábatasöm verzlun er byggð á ýmsri kvenlegri heimsku, og virðist það regla, að sú vara, sem ætluð er kvenfólki, sé fremur svikin en önnur. Mikið er líka í kaþólskum löndum og sjálfsgagt líka nokkuð víðar, kvartað undan þeim tókum, sem klerkastéttin og einstakir klerkar geti náð á kvenfólkinu, og hefir það margs manns líf eitrað, og það einmitt beztu mannanna, því að ástin er manningnum því nauðsynlegri til allra þrifa, sem hann stefnir herra og er fremur maður. Frá hinu og öðru, sem að þessu lýtur, er vel sagt sums staðar í Íslendingasögum, en þó miklu meira þagað, og sérstaklega í sögu Íslands eða nákvæmar sagt, Íslendinga; en það er mikið efni fyrir góð söguskáld, og þyrftu þau söguskáld, ef vel væri, að vera lækna eins og Arthur Schnitzler, og jafnvel líka vita ýmislegt, sem þessum framúrskarandi mann- og kvenfræðingi virðist ókunnugt um. En Schnitzler er því miður eigi aðeins þetta, sem ég nefndi, heldur einnig gróðamaður, og því fer honum eins og jafnvel snillingnum enn þá meiri H. G. Wells (þó að hann þekki ekki nærri eins vel einn meginþáttinn í eðli kvenfólksins eins og Schnitzler, enda Englendingur og ekki Vínarbúi), þeir eru að þvæla og þvæla, sumir mundu ef til vill segja: skálda, til að gera úr því bók, sem þeim hefir komið í hug. Það er stundum gott, að til lítilla ritlauna er að vinna og engra. Fátt er svo fyrir öllu illt.

Enginn má af því, sem að framan er skráð, ætla að ég sé kvenhatari, eða að minnsta kosti ekki nema stundum, og raunar hata ég aðeins það, sem gerir kvenfólkið óelskulegt. Ég óska þess oft, að allar konur og meyjar væru fagrar, góðar og vitrar, eða

góðar, vitrar og fagrar. Það er svo mikið undir gæzkunni komið, og líka undir því að vera ekki allt of heimskur. En raunar held ég helst, að gæzkan sé til einhvers staðar, þar sem fegurðin er, þó að hún virðist stundum sofa svo fast, að hún verði ekki vakin, vakni ef til vill ekki fyrr en í börnum eða barnabörnum, eða jafnvel lengra fram. Og fegurðin er eins og sólskin. En mér þykir svo vænt um að skíni á mig, einkum eftir þessi vondu él, sem stundum dynja yfir og eru svo erfið, þó að víst sé, að einhvern tíma styttir upp. —

Ég ætla að enda þenna kafla á að segja frá skrýtnum draum, sem mig dreymdi ekki alls fyrir löngu. Mig dreymdi, að ferðasögur mínar yrðu einhvern tíma taldar með beztu ferðasögnum, sem ritaðar hafa verið. Mér þótti draumurinn góður, en er vonlítill um að hann rætist, eða að minnsta kosti svo fljótt að það geti orðið mér hjálp til að rita eins vel og ég vildi og gæti, ef betur viðraði.